

Nd.

700. Nefndarálit

[96. mál]

um frv. til l. um útvegum stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Vill meiri hlutinn vísa því frá með rökstuddri dagskrá, en ég vil hins vegar láta samþykkja frumvarpið.

Í sambandi við þetta mál, þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um lánsfjármál Búnaðarbankans og meðferð þeirra á Alþingi.

Í Búnaðarbankanum starfa nú þrjár stofnlánadeildir: Byggingarsjóður, er lögum samkvæmt hefur það hlutverk að veita stofnlán til byggingar íbúðarhúsa, bæði á nýbýlum og til endurbyggingar á eldri býlum. Enn fremur var honum ætlað að veita lán til útihúsabygginga á nýbýlum. Þetta atriði hefur þó aldrei verið hægt að framkvæma vegna fjárskorts í sjóðnum. Ræktunarsjóður hefur aftur á móti það hlutverk að veita lán til jarðræktar, peningshúsa, geymsluhúsa og hvers konar annarra mannvirkja við landbúnað, þar með taldar þær stofnanir, sem taka landbúnaðarvörur til vinnslu, viðgerðarstöðvar landbúnaðarvéla, rafstöðvar o. fl. Veðdeildin er hin þriðja lánsstofnun bankans og er ætlað það hlutverk fyrst og fremst að veita veðlán út á fasteignir og önnur veð, sem fulltrygg þykja. Hefur hún t. d. verið eina lánsstofnunin, er lánað hefur hændum fé til kaupa á jörðum, þótt í smáum stíl hafi verið sökum fjárskorts deildarinnar.

Fyrstu árin eftir að lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum komu til framkvæmda, svo og lögin um Ræktunarsjóð, var ekki skortur á lánsfé, hvorki í Byggingarsjóði né Ræktunarsjóði. Bæði var verðlag allt svo miklu lægra en nú, að lánsþörfin var minni, og auk þess gerði framlag ríkissjóðs, sem fyrirhugað var til að greiða vaxtamismun, meira en að gegna því hlutverki og var því notað til nokkurrar útlánastarfsemi jafnframt. Hin síðari ár hefur þetta breyttzt svo, að um alvarlegan skort á lánsfé er að ræða.

Við síðustu áramót var hagur þessara þriggja útlánadeilda þannig, að Ræktunarsjóður var kominn í skuld við sparissjóðsdeild bankans að upphæð 2.5 millj. kr. og veðdeildin sömuleiðis í skuld við sparissjóðsdeildina um 1 millj. kr. Í Byggingarsjóði munu þá hafa verið um 0.6 millj. kr. Er þá ókomin í hendur bankans aðeins ein milljón af því 16 millj. kr. láni, sem Alþingi hafði áður heimilað að taka í Alþjóðabankanum. Verður niðurstaðan af þessu sú, að skuldir lánadeildanna verða 1.9 millj. kr. hærri en handbært fé þeirra, þótt áður umrædd ein milljón alþjóðabankalánsins sé meðtalin.

Nú er enn fremur vitað, að miklar framkvæmdir eru í smíðum, en ófullgerðar. Má þar nefna t. d. nálega allar þær byggingar, sem byrjað var á á síðasta ári, og án efa nokkuð af eldri byggingum, svo og ræktunarframkvæmdir ýmiss konar. Er því sýnilegt, að allmikið fé muni þurfa nú á yfirstandandi ári til að fullnægja þessari þörf eingöngu. Þar við bætast svo allar þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru. Umsóknir um heimild til stofnunar nýbýla eru nú með langflesta móti, og svo mun einnig vera um fyrirhugaðar framkvæmdir á ýmsum öðrum sviðum. Er því auðséð, að mjög óvænlega horfir með framkvæmdir allar, ef ekki verður greitt úr lánsfjármálinu, betur en nú er útlit fyrir að gert verði.

Rétt er þó að taka það fram, að Alþingi hefur heimið ríkisstjórninni erlenda lántöku, 20 millj. kr., handa Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði. En allt mun vera

í fyllstu óvissu um framkvæmdir í þeim efnunum. Og þótt í bili tækist að greiða eitthvað úr fjárþróng sjóðanna á þennan hátt, þá er veðdeildin jafnþurrausinn eftir sem áður. Er slíkt ástand mjög alvarlegt, þar sem óstarfhæfni hennar gerir ómögulegt að útvega lán til jarðakaupa, bústofnskaupa og ýmislegs annars, sem sjóðirnir geta ekki annað. Horfurnar í þeim málum að útvega lánsfé til framkvæmda í landbúnaðinum á þessu ári eru því hinar alvarlegustu, ef Alþingi hættir nú störfum án þess að gera aðrar og meiri ráðstafanir til úrbóta í þessu máli en enn þá hefur verið gert.

Háttvirtum alþingismönnum virtist líka vera þetta mjög ljóst, a. m. k. í byrjun þings. Snemma á þessu þingi voru lögð fram þrjú frumvörp í neðri deild, er öll fóru fram á aukið lánsfé til Búnaðarbankans eftir ýmsum leiðum.

Á þskj. 86 fluttu tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins frumvarp um Stofnlána-deild landbúnaðarins. Er þar gert ráð fyrir stofnun nýrrar deildar og ríkissjóði gert að leggja henni í upphafi 5 millj. kr. Enn fremur skyldi henni heimilt að auka fé sitt með því að taka á móti sparifjárinnlögum, og skyldi það sparifé vera skattfrjálst. Skyldi hlutverk þessarar deildar eingöngu vera það að gera efnalítlum mönnum fært að hefja búskap með því að lána frumbýlingum til jarðakaupa, búfjárkaupa og verkfærakaupa.

Þá er og á þskj. 82 frumvarp um breytingu á lögum um veðdeild Búnaðarbankans, flutt af fjórum þingmönnum Framsóknarflokksins. Er þar gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi til deildarinnar 4 millj. kr. árið 1953 og síðan 2 millj. kr. árlega í næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1954. Skyldi fé þessu haldið aðgreindu frá öðru stofnfé deildarinnar og nefnast frumbýlafé. Hlutverk deildarinnar með þessu fé átti að vera svo að segja nákvæmlega hið sama og stofnlánadeildar þeirrar, er Sjálfstæðisflokksþingmennirnir vildu stofna með sínu frv., þ. e. „veita efnalítlum mönnum, er byrja búskap, lán til að koma upp bústofni og kaupa verkfæri og vélar“.

Þá er frumvarp það, sem hér um ræðir, flutt af undirrituðum, á þskj. 123. Er hér lagt til, að ríkissjóður skuli taka að láni 60 millj. kr. hjá seðladeild Landsbankans, og leggja stofnlánadeildum Búnaðarbankans sem óafturkræft framlag, er skiptist milli deildanna þannig, að Byggingarsjóður fái 25 millj., Ræktunarsjóður 23 millj. og veðdeildin 12 millj. Hins vegar skuli ríkissjóður greiða Landsbankanum lánið á 40 árum og veðsetja bankanum þann hluta af jarðeignum ríkisins, sem liggur utan kaupstaða og kauptúna, til tryggingar lánunum. Enn fremur er svo gert ráð fyrir í 5. gr., að lánunum þeim, er Búnaðarbankinn hefur fengið samkvæmt lögum um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951 og gengishagnaði bankanna 1950 skuli breytt í fast óafturkræft framlag.

Það, sem hér er nánast farið fram á, er það, að reynt sé að leysa lánavandamál Búnaðarbankans og þar með landbúnaðarins með því, að ríkið taki lán út á þær fasteignir, sem það á í sveitum landsins, og leggi það aftur til sem stofnlánafé í bankann til þess að byggja landbúnaðinn upp. Þannig sé reynt meira en til bráðabirgða að greiða úr því sífellda stríði, sem nú er staðið í árlega við að finna einhverja lausn, er enzt geti fram á næsta ár.

Þá má enn fremur geta þess, að ákvæði 5. gr. í þessu frv., þ. e. breyting á fyrrgreindum lánunum ríkissjóðs í föst framlög, voru síðar flutt í Ed. í formi sérstaks frumvarps. Var það frv. flutt af þremur þingmönnum Framsóknarflokksins í þeirri deild.

Hafa þannig einstakir þingmenn flutt fjögur frumvörp á þinginu um þessi mál. Samtals eru flutningsmenn þessara frumvarpa 10 að tölu, eða nærri því $\frac{1}{5}$ hluti þingsins, og allir nema einn úr stjórnarflokkunum. Verður því tæpast annað sagt en að vel sé unnið að flutningi frumvarpa til framgangs þessu máli. Hið sama verður tæpast sagt um afgreiðsluna, því að ekkert af þessum frumvörpum þingmanna stjórnarflokka hafa verið afgreitt úr nefnd. Er það mjög leitt, þegar áhugi og framkvæmdir birtast í svo öfugum hlutföllum.

Þessu frumvarpi og báðum þeim fyrrnefndu, er flutt voru í neðri deild, var

vísað til landbúnaðarnefndar deildarinnar. Þótt þau bentu á allólíkar leiðir, þá stefndu þau þó öll að sama marki, þ. e. að leysa á einhvern hátt úr þessum lánsfjárskorti, að vísu að mjög misjafnlega miklu leyti. Fjórir af fimm nefndarmönnum í landbúnaðarnefnd eru flutningsmenn þessara þriggja frumvarpa, og höfðu þeir því hina ákjósanlegustu aðstöðu til að afgreiða málin. Að vísu lá ljóst fyrir, að erfitt mundi að ná samkomulagi um þau öll, og hefði því verið eðlilegast, að nefndin hefði samið nýtt frumvarp, þar sem tillit var tekið til hinna ýmsu sjónarmiða, eftir því sem samkomulag gat náðst um, en einstakir flutningsmenn flutt sem breytingartillögur þau atriði, sem ekki gat náðst samkomulag um, en þeir vildu hins vegar ekki falla frá, og hefði atkvæðagreiðsla þá skorið úr þeim ágreiningi.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, eftir að málin voru öll komin fram, stakk ég upp á því, að nefndin hagaði störfum sínum í málinu á þennan hátt, og hef oft minnt á það á fundum nefndarinnar síðan. Þannig hefði mátt vænta, að eitthvað hefði náð samþykki, sem landbúnaðinum hefði komið að gagni. Í sjálfu sér var þessari hugmynd tekið vel, þegar um hana var rætt, en hins vegar hefur aldrei orðið neitt úr framkvæmdum. Ég hef dregið að skila séráliti um þetta frv. þangað til ég var orðinn úrkula vonar um, að nokkur jákvæð meirihlutaafgreiðsla fengist frá nefndinni. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að gera grein fyrir gangi málsins í nefndaráraliti. Og þar sem mér þykir nú sýnt, að ákveðið muni vera af ríkisstjórninni og hennar stuðningsflokkum að láta ekkert af þessum umræddu lánsfjárfrumvörpum landbúnaðarins ná samþykki á þessu þingi, og ekkert samkomulag hefur náðst um afgreiðslu í því formi, sem fyrr er minnt á, þá hef ég ákveðið að skila um það minnihlutaáliti, fremur en að láta það daga uppi óafgreitt hjá nefndinni. Þykir mér það mjög miður farið, að ekki skuli takast að ná samkomulagi um viðunandi lausn þessara mála, svo aðkallandi sem hún þó óumdeilanlega er orðin.

Alþingi, 31. jan. 1953.

Ásmundur Sigurðsson.